

# Fundur með bekkjafulltrúm 6.nóvember 2013 klukkan 17:30

Mættir voru: Bekkjafulltrúarnir: Jóhann P Kristbjörnsson (1.TK), Karólína Björg Óskarsdóttir (1.SH), Skúli Freyr Brynjólfsson (2.ES og 4.SS), Eyrún Ösp Ingólfssdóttir (6.UG), Sigrún Karlsdóttir (7.HM), Halldóra Blöndal (10.AV) Ágústa Kristín Grétarsdóttir (10.AV). Úr stjórn FFM Bjarnfríður Bjarnadóttir, Guðrún Benediktsdóttir, Íris Dröfn Björnsdóttir líka bekkjafulltrúi (3.EN), Jóhanna Árnadóttir og Þórey Óladóttir. Einnig mætti skólastjóri Myllubakkaskóla Eðvarð Þór Eðvarðsson.

**Í upphafi fundargerðar langar mig að koma eftirfarandi á framfæri sem fyrirfirst á fundinum en það er að miðvikudaginn 13.nóvember kl.20:00, verður fundur hjá FFGÍR, í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þar mun Lovísa Hafsteinsdóttir segja frá Flott án fíknar verkefninu. Halldóra Hreinsdóttir mun kynna Ég og þú, þú og ég verkefnið og Anna Lóa Óafsdóttir mun fjalla um samskipti.**

Á fundinum var fjallað var almennt um hlutverk bekkjafulltrúa.

Samþykkt var að allir bekkjafulltrúar myndu vera með viðburð fyrir og eftir áramót.

Eðvarð, skólastjóri lagði áherslu á hversu mikilvægt væri að foreldrasamfélag væri virkt og gott.

Farið var yfir hvort að allir bekkir væru með Facebook hópsíðu. Skúli ætlar að taka að sér að útbúa síðu fyrir 4.bekk, Eyrún Ösp fyrir 9.bekk og Ágústa Kristín fyrir 10.bekk. Aðrir bekkir eru komnir með síðu.

Farið var yfir og útdeilt efni um foreldrasamninga.

Ágaverðar umræður sköpuðust um hvernig hægt væri að fá erlenda foreldra til að taka virkari þátt í foreldrasamfélaginu. Rætt var um að mikilvægt væri að fundarboð væru þannig að erlendir foreldrar skildu þau, t.d. með því að hringja í þau. Einnig var rætt um að núverandi bekkjafulltrúar myndu reyna að hvetja erlenda foreldra til að verða bekkjafulltrúar.

Miklar umræður fóru af stað um samskipti á netmiðlum, bent var á að virkileg þörf væri á að fræða bæði börn og foreldra um netsamskipti. Sú hugmynd kom fram, að það gæti verið sniðugt að ýta á að það væri virk umræða í hverri viku hjá nemendum um netsamskipti – hvað gerist þegar verið er að skoða og deila o.s.frv. t.d. í lífsleikni tíma. Einnig var rætt um að það væri mikilvægt fyrir okkur foreldra að fylgjast með, það væri þörf á meiri fræðslu. Ágústa Kristín og Skúli ætla að taka saman efni um t.d. síjur og tímaverði fyrir internetið til að fræða foreldra og koma því á framfæri.

Einnig var rætt um að börn væru að fara of snemma inn á samskipasíður eins og Facebook sem er með 13 ára aldurstakmark. Ákveðið var að reyna að ýta því að foreldrum að reyna að fá börnin til að fara ekki of ung inn á þessa og sambærilegar síður, þar sem hætta getur skapast á erfiðu samskiptamynstri á síðunni, sem þau hefðu kannski ekki þroska til að höndla.

Fundi lauk klukkan 18:30

Fundargerð ritaði Bjarnfríður